125 2. ágúst hefir hans hátign, konunginum, allramildilegast þóknast 29. f. m. að leyfa, að Klofakirkja í Rangárvallasýslu og suðurumdœmi Íslands, verði lögð niður, og að Klofasókn verði sameinuð við Skarðssókn með þeim kostum:

1. Að Klofakirkja með áhöldum verði seld á almennu uppboðsþingi, þannig, að afgangurinn, sem umfram kann að verða að lokinni kirkjuskuldinni, falli í sjóð Skarðskirkju.
2. Að Skarðskirkja verði, þegar hún verður endurbyggð, sem nú er í vændum, stœkkuð svo, að hún geti rúmað hinn aukna söfnuð.
3. Að Skarðskirkja fái eptirleiðis allar þær tekjur, sem Klofakirkja hingað til hefir notið, sem og
4. Að prestsmatan af Klofaeigninni, eins og verið hefir, greiðist núverandi sóknarpresti á Stóruvöllum með 6 fjórðungum smjörs, og, að fyrir þessu sjeu veðsettar jarðirnar ½ Kot og Haukadalur, en að það við næstu prestaskipti á brauðinu komi til íhugunar, hvort ástœða kynni að vera til að lækka prestsmötuna ofan í 4 fjórðunga smjörs.

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, hið framanskráða, í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar frá 9. júní síðastliðna, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, læt jeg ekki hjá líða að vekja athygli yðar á því, að ábirgðarbrjef þau, sem gefin hafa verið út 20. desember f. á. og 22. febr. þ. á. fyrir skuldbindingum þeim, sem getur um að framan undir 1., 3. og 4. gefa ekki nœgilega tryggingu, þar sem sameigendur Klofakirkju hafa ekki ritað undir þau í einu, og það sjest ekki, að þeir hafi veitt þeim, sem ritað hafa nöfn sín undir brjefin, nœgilegt umboð. Loksins er það vitaskuld, að skilyrði það, sem er í niðurlagi 1. töluliðs hins fyrnefnda skjals frá 20. desembr. f. á. verður að falla niður.

Ráðgjafinn vill því þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra landshöfðingi, viljið þóknanlega hlutast til um, að gjörð verði gangskör að því, sem þörf er á í þessu tilliti, áður en farið er að framkvæma þær ráðstafanir, sem leyfðar eru í hinum allrahæzta úrskurði.

126 7. ágúst — *Brjef* landshöfðingja *til landfógeta um* laun sýslumanna og bœjarfógeta. — Í brjefi dagsettu 7. júní f. á. tilkynnti jeg yður, herra landfógeti, að ráðgjafinn hefði til bráðabirgða samþykkt upphæð þá, sem greiða skyldi í laun og persónulega launabót hlutaðeigandi embættismönnum, samkvæmt lögum frá 14. desembr. 1877 um laun sýslumanna og bœjarfógeta, og mæltist til þess, að þjer önnuðust um, að greiddar yrðu úr jarðabókarsjóði upphæðir þær, sem í því tilliti væru nauðsynlegar.

Eptir að þessi reikningur hefir síðan verið endurskoðaður, eru nefnd laun og persónulegu launabœtur loksins fast ákveðnar sem nú skal greina:

		Kr.	A
1. Skaptafellssýsla		2765	21
2. Vestmannaeyjasýsla		1914	42
3. Rangárvallasýsla	3000 kr. » a.		
Launabót Hermaníusar sýslumanns Johnssonar	300 — 78 -	3300	78
4. Árnessýsla	3500 — » -		
Launabót Þorsteins sýslumanns Jónssonar	910 — » -	4410	»

		Kr.	A.
5. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	3500 kr. » a.		
Launabót Theódórs sýslumanns Jónassens . . .	1064 — 56 -	4564	56
6. Barðastrandarsýsla		2371	80
7. Ísafjarðarsýsla og kaupstaður		2851	24
8. Strandasýsla		1680	90
9. Húnavatnssýsla	3500 — » -		
Launabót Lárusar sýslumanns Blöndals . . .	1144 — 08 -	4644	08
10. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður . . .	3500 — » -		
Launabót Stefáns sýslumanns Thorarensens . .	612 — 32 -	4112	32
11. Þingeyjarsýsla		3428	75
12. Norðurmúlasýsla	3000 — » -		
Launabót Prebens sýslumanns Bövings	627 — 23 -	3627	23
13. Suðurmúlasýsla	2500 — » -		
Launabót Jóns sýslumanns Johnsens	753 — 49 -	3253	49

126 7. ágúst

Í þeim embættum, sem voru laus, 6. júní f. á. er, eins og sjálfsagt er, engin breyting orðin á upphæðum þeim, sem tilfærðar eru í brjefi mínu frá 1. júní f. á.

Jafnframt því, að skýra yður, herra landfógeti, frá þessu, vil jeg leggja fyrir yður, að gjöra hinar nauðsynlegu leiðrjettingar á því, sem borgað hefir verið hlutaðeigandi embættismönnum í laun og launabót eptir 6. júní f. á. samkvæmt brjefi mínu frá 7. s. m. (stjórnartíð. B. 98).

Þess skal enn fremur getið, með tilliti til endurskoðunar á viðkomandi umboðsreikningum, að tekjurnar af jörð þeirri, sem sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu hefir verið lögð í embættisskyni, sem og tekjur þær, sem sýslumaðurinn í Strandasýslu hefir notið að fornu fari af kúgildaleigum þeim, sem hvíla á umboðsjörðunum í nefndri sýslu, eru teknar inn í framan skráðan reikning, og munu því áminnztar tekjur eptirleiðis, samkvæmt 1. gr. laga frá 14. desembr. 1877, renna í landssjóð.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* lóðarnám undir verzlunarhús. — Í brjefi frá 11. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, borið það undir úrskurð minn, hvort sýslumanninum í Árnessýslu beri, þrátt fyrir mótmæli hlutaðeigandi lóðareiganda, að útmæla verzlunarhússtæði i Þorlákshöfn. Þjer takið fram, að yður hafi þótt ísjárvert að fyrirskipa útmælingu þessa samkvæmt brjefi landshöfðingja frá 30. sept. 1876 (stjórnartíð. B. 106) um útmælingu á sölubúðastæði á Blönduóskauptúni, með því að lögin frá 24. ágúst 1877 um Þorlákshöfn tiltaka ekki beinum orðum, eins og Blönduósslögin frá 15. okt. 1875 gera, að leyft skuli vera að byggja sölubúðir á verzlunarstaðnum. En hins vegar sjeuð þjer á þeirri skoðun, að löggilding verzlunarstaðar heimili mönnum rjett til að fá þar útmældar lóðir undir verzlunarhús, án þess að í hverju einstöku tilfelli þurfi sjerstök lóðarnámslög auk laganna um löggildingu.

127 13. ágúst

Jeg er yður samdóma um það, sem þjer þannig takið fram, en með því að spurningin um lóðarnám gegn mótmælum landeiganda sætir úrskurði dómstólanna, virðist rjettast, að hlutaðeigandi fógeti samkvæmt nánari beiðni þess, sem óskar lóðarnámsins, og eptir að hafa gefið lóðareiganda tækifæri til að koma fram með mótmæli sín, úrskurði, hvort lóðarnám það, er ræðir um, eigi fram að fara, og hve mikið endurgjaldið til lóðareigandans skuli vera. Þessum úrskurði getur sá málspartur, er ekki vill una við hann, áfrýjað til æðra dóms, og þar verður málið að fá fullnaðarúrslit sín.